

74. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima

14. 12. 2016 kl. 11:00 – 13:00

Gömlubúð

Fundur settur kl. 11.11.

Fundarstjórn: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Olga Ingólfssdóttir

Mættir eru: Davíð Arnar Stefánsson, Helga Árnadóttir, Þorvarður Árnason, Eyjólfur Guðmundsson, Bryndís Björk Hólmarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir og Olga Ingólfssdóttir

Hrafnkell Guðnason og Katrín Jónsdóttir funda í gegnum Skype.

Efni:

- **Starfs- og rekstraráætlun Þekkingarsetursins Nýheima árið 2017 – Davíð**

Davíð kynnir starfsáætlun fyrir árið 2017. Líflegar umræður og ábendingar um starfsáætlun Þekkingarsetursins Nýheima.

Starfsáætlun samþykkt með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og litið er svo á að starfsáætlunin sé lifandi plagg sem geti tekið breytingum.

Davíð kynnti rekstraráætlun Þekkingarsetursins Nýheima 2017. Rekstraráætlun rædd.

Kristín lagði til að rekstraráætlun væri samþykkt með þeim fyrirvara að sértekjur, verkefni og þriggja ára starfsáætlun sé sett inn í áætlunina.

Vísað til næsta fundar að samþykkja endanlega rekstraráætlun.

- **Nýr ráðningasamningur verkefnastjóra þekkingarsetursins Nýheima sem gerir ráð fyrir 100% starfshlutfalli – Davíð**

Davíð ræddi um mikilvægi þess að gert sé ráð fyrir verkefnastjóra í 100% starfshlutfalli. Að starfsmenn hafi ráðið við að takast á við þau verkefni sem komið hafi inn á þeirra borð án þess að kaupa utanaðkomandi ráðgjöf. Það þurfi þrjá starfsmenn til að sinna verkefnum þekkingarsetursins.

O.F.

Samþykkt einróma að ráða verkefnastjóra í 100% starf.

- **Þjóðahátíð í Nýheimum að frumkvæði Nemendafélag FAS á vorönn – Davíð**

Davíð kynnti þjóðahátíð í samstarfi við Nemendafélag FAS.

Bryndís ræddi um að Menningarmiðstöðin væri tilbúin til samstarfs.

Ragnhildur talaði um að þessi viðburður hefði vakið ánægju og ræddi um að draga grunnskólann inn í verkefnið.

Porri fagnaði framtakinu, að það styddi samstarf þekkingarsetursins við FAS og að mikilvægt sé að kynna ólíkan bakrunn fólks þar sem fólk af mörgu þjóðerni búi á Höfn.

Bryndís á Menningarmiðstöð og Davíð í þekkingarsetri Nýheima munu í framhaldinu ræða verkefnið frekar.

Önnur mál

Eyjólfur lagði til að stjórnin hittist 19. desember nk. til að fara yfir umsóknir um starf nýs forstöðumanns þekkingarseturs Nýheima. Tímasetning verður ákveðin síðar.

Eyjólfur ræddi um fund stjórnarinnar sem halda átti á Djúpavogi sl. haust og lagði til að hann yrði haldinn 18. febrúar 2017.

Rætt um nettengingar í Nýheimum og hvernig hægt er að bæta þær. Óstöðugleiki á nettengingu komi sér illa fyrir þá sem koma til að þreyta próf í Nýheimum og fyrir þá sem þar starfa.

Fundi slitið kl. 13.20

Kristín Hermannsdóttir
Olga Frjálfur Þorvaldsson